



Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn.

Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál. Nokkrar breytingar hafa nú orðið á máli þessu frá því að það var lagt fram á 132. löggjafarþingi sem 731. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar fram tillögur um uppstokkun á opinberu stuðningskerfi nýsköpunar og atvinnuþróunar á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Uppstokkunin byggist á því að sameina starfsemi Bygðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins í einni stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Stoðkerfi atvinnulífsins á Íslandi er flókið. Veruleg skörun er í starfsemi Bygðastofnunar og ýmissa opinberra sjóða og stofnana sem starfa að atvinnuþróunarmálum. Það er því álit Bygðastofnunar að meginhugmynd frumvarpsins hvað þetta varðar horfi til framfara.

Fram hefur komið í máli ráðherra að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði á Sauðárkróki en að áfram verði öflug tæknirannsókn- og frumkvöðlastarfsemi í Keldnaholti í Reykjavík. Gert er ráð fyrir þekkingarsetrum víða um land en að lögð verði áhersla á öflug þekkingarsetur í tengslum við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði, Þekkingarnet Austurlands á Egilsstöðum og Háskólann á Akureyri. Þá er hugmyndin að færa stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðamála á vettvang Vísinda- og tækniráðs og breyta nafni þess í Vísinda- og nýsköpunarráð.

Við meðferð málsins á 132. löggjafarþingi skilaði stofnunin umsögn til iðnaðarnefndar um málið, og má að nokkru leyti vísa til þeirra sjónarmiða sem þar komu fram. Í þeirri umsögn var af hálfu Bygðastofnunar lögð megin áhersla á eftirtalin atriði:

1. Huga þarf betur að stjórnskipulagi stofnunarinnar.
2. Auka þarf áherslu á byggðamál.
3. Kanna þarf hvort rétt sé að stofnunin hafi heimildir til lánveitinga, hlutafjárkaupa og styrkveitinga.

Meirihluti iðnaðarnefndar þingsins lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á frumvarpinu. Segja má að þær felist í stórum dráttum í því að stofnuninni er nú með skýrum hætti skipt í tvö megin fagsvið, ráðgjafarsvið og íslenskar tæknirannsóknir. Skerpt er á áherslum varðandi byggðamál innan stofnunarinnar. Þá er sett á fót ráðgjafarnefnd við íslenskar tæknirannsóknir með það meginhlutverk að vera ráðherra og forstjóra til ráðgjafar um fagleg málefni varðandi stefnumótun á sviði tæknirannsókna og val einstakra verkefna, auk þess að vera tengiliður við helstu hagsmunaaðila. Þá er fyrirkomulagi hvað varðar Bygðasjóð breytt nokkuð í þá átt að efla sjálfstæði hans.

Það er mat Bygðastofnunar að þessar breytingar séu til bóta. Á hinn bóginn er enn tilefni til að áréttu þau sjónarmið sem fram komu í fyrri umsögn stofnunarinnar sem áður er vísað til.

- 1) Fyrir liggur að stjórnskipulag hinnar nýju stofnunar verður flókið. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafi sérstaka stjórn. Við íslenskar tæknirannsóknir skal starfa 8 manna ráðgjafarnefnd skv. 6. gr. frv. Bygðasjóður skal hafa 5 manna stjórn skv. 12. gr. frv. Tækniþróunarsjóður skal hafa 7 manna stjórn skv. 17. gr. frv. og loks skal Tryggingasjóður útflutnings hafa sérstaka 5 manna stjórnarnefnd skv. 22. gr. frv. Þetta virðist vera nokkuð viðurhlutamikið og flókið kerfi og hætt er við að þetta verði mjög dýrt og erfitt í framkvæmd. Kann þarf hvort ekki sé unnt að einfalda þetta fyrirkomulag og auka skilvirkni stofnunarinnar.
- 2) Hlutverk Bygðasjóðs er, samkvæmt frumvarpinu, eingöngu að veita ábyrgðir á lán og mega ábyrgðir að hámarki vera 75% af lásupphæð. Hér þyrfti að kanna nánar hvort rétt sé að afleggja með öllu lánveitingar. Í því sambandi er rétt að hafa það í huga að lánveitingar sem liður í starfi að byggða- og nýsköpunarmálefnum eru stundaðar í nágrannalöndum okkar með mismunandi hætti. Þar má t.d. nefna opinberar stofnanir eins og Innovation Norge í Noregi, Finnvera í Finnlandi, Highlands & Islands Enterprise í Skotlandi, Vækstfonden í Danmörku, Norrlandsfonden í norður Svíþjóð ofl. Þessar stofnanir nota ýmis verkfæri til að ná tilgangi sínum, jafnt lán í ýmsu formi, sem ábyrgðir, styrki og hlutafé. Eigi Íslendingar að geta keppt við aðrar þjóðir verða þeir að hafa þau úrræði tiltæk sem aðrar þjóðir hafa. Í dag er málum þannig háttað að Evrópusambandið ver hærri fjárhæðum til byggðamála en til nokkurs annars málaflokks að landbúnaðarmálum einum undanskildum. Stærsti hluti þessa fjár eru styrkir til byggðamála með beinum og óbeinum hætti. Eðlilegt hlýtur að vera að stjórnvöld hér á landi eigi möguleika á að beita svipuðum úrræðum ef og þegar á þarf að halda, en takmarki ekki í löggjöf möguleika sína til að veita byggðaaðstoð með því að binda þá við eitt form fyrirgreiðslu. Hér má einnig geta þess að ekki er vitað til þess að ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hafi nokkrar athugasemdir haft við útlánastarfsemi Bygðastofnunar í því formi sem hún hefur verið rekin.
- 3) Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða tekur Bygðasjóður við útlánasafni, hlutafjáreign, handbæru fé og fullnustueignum Bygðastofnunar. Þá yfirtekur

Byggðasjóður innlend og erlend lán sem stofnunin hefur tekið og útgefin láns- og hlutafjárloforð. Þá kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins að ekki verði séð að samþykkt þess hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram hugsanleg biðlaun. Í greinargerð með frumvarpinu er því slegið föstu að litlar líkur séu á að fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar í núverandi formi geti orðið fjárhagslega sjálfbær, þ.e. rekið sig án sérstakra framlaga úr ríkissjóði. Undir þetta hefur verið tekið af hálfu Byggðastofnunar að því gefnu að ekki verði gripið til aðgerða til að auka eigið fé stofnunarinnar. Sé það rétt hlýtur að vera álitamál að Byggðasjóður geti tekið yfir og staðið undir núverandi fjárhagsskuldbindingum Byggðastofnunar með þeim breytingum einum að fara yfir í að veita lánsábyrgðir.


Loks er ástæða til að benda á að verði frumvarp þetta að lögum verður hætt að vinna byggðaáætlun til fjögurra ára en óhætt er að fullyrða að bæði í fyrri byggðaáætlunum og þeirri sem nú gildir hefur verið bryddað upp á athyglisverðum nýmælum sem skilað hafa miklum árangri. Einnig er rétt að vekja athygli á því að verði stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðamála færð til væntanlegs Vísinda- og nýsköpunarráðs þarf að tryggja að sjónarmið íbúa alls staðar að af landinu eigi þar málsvara.

Að lokum.

Það virðist liggja fyrir að veruleg andstaða sé á Alþingi við það fyrirkomulag sem ráð er fyrir gert í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Í því ljósi má velja því fyrir sér hvort ekki sé skynsamleg að ganga skemur en ráð er fyrir gert í frumvarpinu. Þannig er ástæða til að skoða vandlega hvort unnt sé að sameina í tvær stofnanir annars vegar Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins, og hins vegar Byggðastofnun og Impru Nýsköpunarmiðstöð. Hin síðarnefnda stofnun hefði í grófum dráttum með höndum þá starfsemi sem ráð er fyrir gert í 4. gr. frumvarpsins (ráðgjafarsvið), og í II kafla (Byggðasjóður) og IV kafla (Tryggingasjóður Útflutnings). Með vísan til rökstuðnings í 2. lið hér að framan hefði hún einnig heimildir til lánveitinga, en væri undanskilin reglum Fjármálaeftirlitsins um lágmarkseiginfjárlutfall og hámarksáhættu vegna einstakra viðskiptavina, enda er ljóst að stofnun af því tagi sem hér um ræðir getur ekki uppfyllt sömu skilyrði og viðskiptabankar og sparisjóðir hvað þetta varðar. Stofnunin yrði þó eigi að síður háð eftirliti Fjármálaeftirlits, enda felst í því mikilsvert aðhald fyrir stjórendur hennar.

Undirritaður er að sjálfsögðu reiðubúinn að mæta á fund iðnaðarnefndar til að gera frekari grein fyrir afstöðu stofnunarinnar. Ekki hefur verið fjallað um umsögn þessa í stjórn stofnunarinnar.

Sauðárkrúki 23. nóvember 2006,



Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri